

Fundur í stjórn Foreldrafélags Naustaskóla

haldinn 30. sept. kl. 16.30

Mættar voru: Áshildur, Vaka, Erla Rán, Sólveig, Sigríður, Auður, Claudia og Martha Lilja.

Þjóðum nýja fulltrúa velkomna í hópinn.

Í upphafi fundar óskar Erla Rán eftir því að losna undan ritarastörfum og gaf Sigríður kost á sér í það. Sigríður og Áshildur hætta sem fulltrúar í Samtaka en Claudia og Martha taka það að sér. Aðrar breytingar eru ekki gerðar að sinni.

Rætt er um fjáraflanir innan skólans og hvað er selt með tilliti til hollustu.

Hvort ekki sé hægt að skipta út snúðum fyrir kringlur t.d þar sem okkur þyki sérstaklega í yngri bekkjum með heilan snúð og sæta drykki heldur vel í lagt og samræmist ekki stefnu skólans um hollt nesti og góðar neysluvenjur.

Ræddum einnig að foreldrar séu viðstaddir þegar um fjáraflanir er að ræða og aðstoði krakkana með verklag hvort sem það er rúnstykki og kaffisala í morgunsárið eða vöfflukaffi með foreldrafundum og einnig að foreldrar komi meira við sögu við vinnu á árs hátíð.

Vaka segir frá að nú hafi verið stofnaðir "facebook" hópar fyrir alla árganga og er ætlunin að nota þá t.d í tengslum við bekkjarkvöldin og annað sem foreldrar koma við sögu, en þar sem ekki allir eru orðnir virkir í því þá erum við búnar að skipta árgöngunum niður í hópa og verður sendur póstur á þá sem eiga að byrja á að kalla saman hóp fyrir bekkjarkvöld í sínum árgangi.

Ekki náðist að vinna úr þeim hugmyndum varðandi bekkjarkvöld og annað sem foreldrar komu með í hópavinnunni á aðalfundinum en það verður gert fljótlega.

Fulltrúar lýsa ánægju með það fyrirkomulag sem komið er á varðandi bókun á foreldraviðtölunum.

Að lokum tókum við smá umræðu um hvað okkur fyndist um það kennslufyrirkomulag þ.e. blandaða bekkir sem er í skólanum, kostir og gallar. Virðist nú sem flestum þyki gallarnir vera augljósari en kostirnir og ræddum við það hvort hægt væri að gera könnun á því hver árangurinn er hvernig líður nemendum og kennurum með fyrirkomulagið, blandast árgangarnir eitthvað frekar, vinallega séð og svo framv.